



496. fundur stjórnar SASS

**haldinn að Austurvegi 56 á Selfossi
föstudaginn 7. ágúst 2015 kl. 12.00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarasdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir og Jón Páll Kristófersson varamaður Önnu Bjargar Níelsdóttur sem boðaði forföll. Páll Marvin Jónsson forfallaðist. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð og Þórður Freyr Sigurðsson verkefnisstjóri Sóknaráætlunar undir lið2.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund stjórnar að afloknu sumarfríi.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 495. fundar undirrituð.

2. Sóknaráætlun Suðurlands 2015 – 2019.

Verkefnisstjóri kynnti áætlunina og fór yfir minnisblað um næstu skref. Stjórn staðfesti Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 sem send hefur verið til stýrinets ráðuneytanna.

3. Svæðisskipulag á Suðurlandi.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins. Gengið hefur verið frá ráðgjafasamningi við fyrirtækið Alta ehf. en sama fyrirtæki kom einnig að skipulagsráðstefnunni á Hellu fyrr á árinu.

Fulltrúar sveitarfélaganna sem skipaðir voru í vinnuhópinn hafa verið boðaðir til þriggja funda sem fram fara 18. ágúst, 31. ágúst og 22. september nk. og flestir eiga tök á að mæta á alla fundina.

Hlutverk vinnuhópsins er að skilgreina og skýra í grófum dráttum þá þætti sem þarf að taka afstöðu til áður en hægt er að hefja svæðisskipulagsgerð, en þeir eru:

- hlutverk svæðisskipulags og tilgangur svæðisskipulagsgerðarinnar
- viðfangsefni svæðisskipulagsins og landfræðilegt umfang
- áherslur við samráð og greiningu

Með því að fara í gegnum þessa þætti verður dregin upp mynd af því hvaða valkostir eru mögulegir hvað varðar nálgun við svæðisskipulagsgerðina, þannig að taka megj upplýsta og vel undirbúna ákvörðun um framhaldið á komandi ársþingi SASS í október.

4. Starfsmannamál.


Fært í trúnaðarmálabók.

5. **Staða almenningssamgangna.**
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna.
Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að sem fyrst verði sett sérlög um almenningssamgöngur og að leiðrétting vegna olúgjaldsins verði tryggð.
6. **Yfirlit um rekstur SASS janúar – júní.**
Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað dags. 7. ágúst. Rekstur samkvæmt áætlun á tímabilinu.
7. **Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.**
 - a) **Tillaga að kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.**
Stjórn SASS hvetur sveitarfélögin til að fylgjast grannt með þróun mála enda geti þessi málaflokkur haft umtalsverð áhrif á skipulagsmál.
 - b) **ART verkefnið.**
Velferðarráðuneytið hefur enn ekki svarað til um hvort gerður verði áframhaldandi samningur við SASS. Núgildandi samningur rennur út um áramótin.
 - c) **Menntaþing á Höfn í Hornafirði.**
Þingið verður haldið á Höfn 23. september nk.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 4. september nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:40

Gunnar Þorgeirsson
Eggert Valur Guðmundsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ágúst Sigurðsson
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Jón Páll Kristófersson
Bjarni Guðmundsson



Handwritten signatures in blue ink, corresponding to the list of names on the left. The signatures are: Gunnar Þorgeirsson, Eggert Valur Guðmundsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Unnur Þormóðsdóttir, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason, Jón Páll Kristófersson, and Bjarni Guðmundsson.